SKÓLINN ER ÁHRIFAAFL Í SAMFÉLAGSBREYTINGUM

Jónas Pálsson

Jónas Pálsson fyrrverandi rektor Kennaraháskóla Íslands er fyrsti höfundurinn í umfjöllun siðaráðs KÍ og Skólavörðunnar um siðareglur kennara og málefni þeim tengd sem hleypt var af stokkunum með viðtali við Atla Harðarson formann siðaráðs í síðasta tölublaði. Jónas segir skólamál ævinlega vera stjórnmál og fjallar hér meðal annars um fagmennsku og starfsskyldur kennara, einelti, markvissa umbyltingu á samskiptum kennara, foreldra og nemenda, nám við hæfi einstaklingsins og um innihald skólastarfs.

Í þessum pistli, sem á sér tilefni í umræðu um siðareglur kennara, er ekki gerð nein tilraun til fræðilegrar úttektar á viðfangsefninu; aðeins tíndar saman nokkrar persónulegar athugasemdir þar sem stiklað er á fáeinum punktum sem mér finnst beint eða óbeint snerta undirstöður í fagmennsku kennara og jafnframt öllu starfi skóla.

Faglegar starfsskyldur kennara (hið „skuldbundna lífsstarf“ eins og Broddi Jóhannesson komst að orði og þar sem læknisstarfið hefur löngum verið haft að viðmiði) eru í mínum huga óaðskiljanlegar frá hugmyndum okkar um hina æskilegu skólagerð eða hinn „góða skóla“. Skólar eru fyrir mér ekki bara vinnustaðir þar sem kennsla og nám fer fram, heldur jafnframt og reyndar enn frekar lítið (lýðræðis)samfélag þar sem nemendur á mismunandi aldri og frá ólíkum heimilum læra að deila kjörum, lifa og starfa saman. Mannlíf í nútíma samfélagi þar sem ætlast er til að menn virði lög og reglur og mannréttindi, er ekki sjálfgefið, þá hegðun, framkomu og samskipti þarf að læra í verki. Hér eiga skólar mikilvægu og sífellt stærra hlutverki að gegna.eftir því sem uppeldi og félagsmótun færist inn í skólana frá sífellt yngra aldri. Þjóðaruppeldið núna fer að miklum hluta fram í skólum, hvort sem mönnum líkar betur eða verr, félagsmiðstöðvum og félagasamtökum af ýmsu tagi, að fjölmiðlum ógleymdum.

Ég styrkist stöðugt í þeirri sannfæringu minni að grundvallarbreyting þurfi að verða á samstarfi foreldra og kennara, heimila og skóla. Foreldrar og kennarar ættu að vinna markvisst og skipulega saman að uppeldi og fræðslu barna og unglinga frá unga aldri. Þetta krefst gjörbreyttra samskiptahátta allra aðila, kennara, foreldra og nemenda, meðal annars af því að slíkum stíl í daglegu lífi hlýtur að fylgja mikil óvissa í persónulegum og tilfinningalegum samskiptum fólks. – Hér yrði erfitt að koma við hinum formlegu vinnureglum sem bundnar eru í öllu regluverki skóla og kristallast allra skírast í stundaskrá,

Mannlíf í nútíma samfélagi þar sem ætlast er til að menn virði lög og reglur og mannréttindi, er ekki sjálfgefið, þá hegðun, framkomu og samskipti þarf að læra í verki

skyldumætingu af ýmsu tagi og viðveru sem stimpilklukkan er tákn fyrir. – Og hvernig mundu siðareglur kennnara og annarra starfsmanna skóla vera ef slíkri skólaskipan yrði hrint í framkvæmd og starfshættir skóla og uppeldisstofnana mótaðir í þeim anda.

Skólar á öllum aldurstigum eru órofatengdir sínu samfélagi, menningu, félagasamtökum af öllu tagi, þar með taldir stjórnmálaflokkar. Uppeldi og fræðsla er sjálf undirstaða þjóðmenningar, umbóta og velmegunar. Menntastefna og skólakerfi hljóta því í eðli sínum að vera áhrifaafl í framvindu þjóðlífsins og breytingum samfélagsins. (Sbr. mitt gamla slagorð: Skólamál eru ævinlega stjórnmál!). Það virðist því augljós frumskylda skólayfirvalda og kennara í störfum sínum að móta fræðslu og vinnubrögð í anda gagnrýnnar hugsunar, efla sjálfstæði nemenda og sjálfstraust en kenna þeim jafnframt að bera virðingu fyrir skoðunum annarra. En hér er að mörgu að hyggja og auðveldara um að tala en í að komast. Hagsmunahópar, stjórnvöld og ráðandi stofnanir á sviði félagsmála, trúarbragða, hefða og siðvenja í bland við hreina fáfræði og bábiljur rísa upp öndverð og saka skóla og kennara um írætingu skoðana, pólitíska valdníðslu og hlutdrægni svo að eitthvað sé nefnt. – Ég er sannfærður um að þetta er stefnumótandi verkefni í skólum komandi ára og kjarnaatriði í fagmennsku og trúverðugleika kennara.

Í baráttu manna á Vesturlöndum fyrir fegurra og mannúðlegra lífi fólks síðustu þrjú til fjögur hundruð árin, og reyndar miklu lengur, mætti ef til vill segja að hugmyndir um frelsi og jafnrétti einstaklinga skipi öndvegi. En sennilega hafa líka fá eða engin hugtök verið jafn gróflega misnotuð. Ekki skal það rætt hér frekar, aðeins bent á að hugmyndir okkar í dag um siðlega breytni eins og þær hafa þróast í okkar menningu eru nátengdar þessum hugtökum. Án sjálfræðis mannsins og ábyrgðar á gerðum sínum er sjálf hugmyndin um siðlega breytni hans merkingarlaus, reyndar óhugsandi. – Þetta er augljós forsenda þegar fjallað er um fagmennsku kennara og verður sérstaklega krefjandi þegar höfð er í huga hin persónulega skuldbinding sem talin er einkenna hana.

Hér er ekki unnt að ræða þessi hugtök nánar og hvernig þau eru samofin góðu upeldi, námi og sannri menntun. Get þó ekki stillt mig um að nefna það sem augljóst er að engir tveir einstaklingar eru eins – allra síst á bernsku- og æskuárum. Einmitt í þessu efni reynir mjög á hæfni og fagmennsku kennarans að nemandinn fái notið sín og þroskast á eigin forsendum. Hér passar ef til vill eftir efninu að nefna að mér virðast núverandi siðareglur eða starfsreglur kennara í sjálfu sér góðra gjalda verðar og gagnlegar en mér finnst þær á einhvern veg vanta beinskeyttari tengsl við fagmennskuhugtakið eins og það snýr að praktísku starfi kennara á vettvangi í samtímanum. Í því samhengi vil ég árétta ábendingu mína að framan að faglegar starfsskyldur kennara hljóta að tengjast kröfum á hverjum tíma um umbætur í starfsháttum skóla – kröfunni um „betri skóla“.

Og þegar rætt er um umbætur í starfsháttum skóla þá verður ekki hjá því komist að nefna sjálfa kennaramenntunina, undirstöðu fagmennsku og starfslegra réttinda. Ég fagna auknum skilningi að styrkja kunnáttu kennaranema um grunnþætti á sviði siðfræði ekki síður en varðandi nám og kennslu. Menntun kennara hefur tekið miklum stakkaskiptum á undanförnum áratugum og ég held miklum framföru, þrátt fyrir allt

„Siðferði býr í tilfinningum okkar, hátterni og því hvernig við sjáum hlutina“. (Atli Harðarson í síðasta tbl. Skólavörðunnar.) Þessu er ég harla sammála. Stefna ber að auknu og fjölþættara nám í handmenntum, tónmennt, leikrænni tjáningu og iðkun frásagnar og samræðu á öllum skólastigum en einkum í leikskólum og fyrstu árum grunnskólans. Stóraukið vægi þessara þátta í námskrá hlýtur að stuðla að auknum tilfinngaþroska, glæða hugmyndaflug og styrkja skapandi viðleitni nemenda. Að mínu viti ætti ætti að snúa námskráinni á haus fyrir yngri nemendur; undirstöðuþætti ætti að sækja til áðurnefndra greina og efla hvaðeina sem eykur málþroska og tjáningu. Hér mundi reyna mjög á fagmennsku kennara og samskiptahæfni.

Einelti er enn of algengt í íslenskum skólum þrátt fyrir lofsverða baráttu margra að ráða á því bót. Í mínum huga er einelti einskonar symptom frá undirliggjandi meinsemd í samfélaginu; ofbeldi sem á sér rætur í félagsgerð hinna fullorðnu, samskiptaháttum og viðhorfum og seint verður víst upprætt að fullu. Væri ekki viðeigandi að forysta kennarasamtakanna gerði þetta mál að sérstöku verkefni sínu og beitti sér fyrir markvissri greiningu á vandanum í samstarfi við sérfræðinga og styddu síðan að skipulögðu starfi til að kveða þennan ósóma niður? – Gæti þetta ekki verið gott æfingaverkefni fyrir fagmennsku kennara og nokkur prófsteinn á hvernig beita skuli siðareglum stéttarinnar í starfi?

Jónas Pálsson
Höfundur er fyrrverandi rektor Kennaraháskóla Íslands.

Siðareglur kennara

1. Kennarar vinna að því að mennta nemendur og stuðla að alhliða þroska þeirra með fræðslu, uppeldi og þjálfun.
2. Kennurum ber að virða réttindi nemenda og hafa hagsmuni þeirra að leiðarljósi, efla sjálfsmynd þeirra og sýna sérhverjum einstaklingi virðingu, áhuga og umhyggju.
3. Kennurum ber að hafa jafnrétti allra nemenda að leiðarljósi í skólastarfi. Kennarar eiga að vinna gegn fordómum og mega ekki mismuna nemendum t.d. vegna kyns, þjóðernis eða trúarbragða.
4. Kennarar skulu leitast við að skapa góðan starfsanda, réttlátar starfs- og umgengnisreglur og hvetjandi námsumhverfi.
5. Kennarar leitast við að vekja með nemendum sínum virðingu fyrir umhverfi sínu og menningarlegum verðmætum.
6. Kennurum ber að viðhalda starfshæfni sinni, auka hana og fylgjast með nýjungum og umbótum á sviði skólamála.
7. Kennurum ber að hafa samvinnu við forráðamenn eftir þörfum og gæta þess að upplýsingar sem þeir veita forráðamönnum séu áreiðanlegar og réttar.
8. Kennarar skulu virða ákvörðunarrétt forráðamanna ósjálfráða nemenda og hafa ekki samband um málefni nemanda við sérfræðinga utan viðkomandi skóla, nema slíkt sé óhjákvæmilegt til að tryggja velferð og rétt barnsins.
9. Kennurum ber að gæta trúnaðar við nemendur.
10. Kennurum ber að gæta þagmælsku um einkamál nemenda og forráðamanna þeirra sem þeir fá vitneskju um í starfi.
11. Kennarar skulu gæta heiðurs og hagsmuna kennarastéttarinnar.
12. Kennurum ber að vinna saman á faglegan hátt, taka þátt í að marka stefnu og móta daglegt starf í skólanum.
13. Kennurum ber að sýna hver öðrum fulla virðingu í ræðu, riti og framkomu.